

Aðgangur að rafbókasafninu

Til þess að geta tekið raf- og hljóðbækur að láni í rafbókasafninu þurfa lánþegar að eiga gilt lánþegakort og PIN-númer í viðkomandi almenningsbókasafni sem er aðildarsafn Rafbókasafnsins.

PIN-númer fá lánþegar í afgreiðslu síns bókasafns og skrá þar aðgangsorð.

Innskráning

Veffang rafbókasafnsins – <http://rafbokasafnid.is>

1. Smellið á appelsínugula innskráningarhnappinn
2. Veljið bókasafnið ykkar úr fellilistanum
3. Setjið inn númer bókasafnskortsins
4. ... og lykilmúmerið, sem er það sama og inn í leitir.is og smellið á Innskráning
 - Númerið á lánþegaskírteini þarf að byrja á GE, A, B eða 400
 - Má ekki vera lengra en 10 stafir
 - EKKI er hægt að nota kennitölu

Nokkrar þumalputtareglur

Hér eru nokkur minnisatriði sem gott er að hafa á bak við eyrað þegar upp koma spurningar hjá lánþegum:

Hægt er að vera með 5 bækur í útláni – og setja frátektir á 7.

Hægt er senda tillögur um bókakaup í Rafbókasafninu. Lánþegi getur mælt með 3 bókum á 14 daga fresti.

1 titill = 1 útlán eins og með allar aðrar bækur í almenningsbókasöfnum.

Öppin sem nota á heita OverDrive (líka á íslensku) og Libby (bara á ensku).

Til þess að geta sótt OverDrive-appið/Libby þurfa lánþegar að vera með Apple-Id / Google Play lykilorðin sín á hreinu.

Libby er nýja app Rafbókasafnsins - kynntu þér möguleika þess.

Ertu með nýjustu útgáfu stýrikerfisins eða nýjustu útgáfu af [OverDrive-appinu](#) / [Libby-appinu](#)?

Til þess að vera viss um að geta hlaðið bók niður á fleiri en eitt tæki þarf lánþeginn að skrá sig inn með sama hætti (bókasafnskort, Facebook eða OverDrive) á þau mismunandi tæki sem hann/hún ætlar að nota.

Ef þú notar lesara á við Sony eða Kobo vertu þá alltaf með nýjustu útgáfuna af Adobe Digital Edition.

Bók í útláni sync-ar milli tækja lánþega sé henni hlaðið niður á fleiri en eitt tæki.

Það er orðabók „á bak við“ í rafbókunum! Stutt er með fingri á orð sem fletta á upp. Við það verður orðið „valið“ og fyrir ofan það birist talbóla sem í stendur Look Up, Define, Skilgreina eða annað slíkt. Stutt er á talbóluna og farið inn í orðabók/-skýringar.

Lesi eða hlusta á bók beint í gegnum vafra = Online.

Lesi eða hlusta á bók sem hefur veið sótt með appinu/hugbúnaði = Offline.

Ekki er hægt að skrá sig inn í rafbókasafnið ef Gegnir liggur niðri vegna kerfisuppfærslu eða af öðrum ástæðum.

Rafbókasafnið liggur niðri stutta stund meðan OveDrive uppfærir kerfi sín þriðja fimmtudag í mánuði milli kl. 11:00-13:00 GMT.